

Námsmatshandbók



Leikskólinn Laugalandi

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Inngangur	2
Aðalnámsskrá	2
Mat á leikskólastarfi og námi barna	3
Mat á námssviðum	3
Verkferlar við mat á námssviðum Aðalnámsskrár	4
Formlegt mat/matstæki	4
TRAS	4
MIO	5
HLÍÓM-2	5
Mot 4-6	5
Óformlegt mat	6
Uppeldisfræðileg skráning	6
Námssöguaðferð	6
Ferilmappa	6
Mat barna á eigin námi	7
Vinnuferli sérkennslumála	8
Formlegt mat sérkennslumála	8
AEPS-matskerfið	8
Íslenski smábarnalistinn	9
Íslenski þroskalistinn	9
Orðaskil	10
Sensory profile II	10
Íslenska sem annað mál	11
Sjálfsmat leikskólakennara og annars starfsfólks	12
Starfsmannasamtal	12
Ígrundun sjálfsmatslista	12
Barnafundur starfsmanna	12
Fylgiskjöl	13
Fylgiskjal 1 – Námssvið leikskóla	13
Fylgiskjal 2 – TRAS	16
Fylgiskjal 3 – MIO	18
Fylgiskjal 4 – HLÍÓM-2	19
Fylgiskjal 5 – MOT 4-6	20
Fylgiskjal 6 – Innihald ferilmöppu	21
Fylgiskjal 7 - Broskallamat	22
Fylgiskjal 8 – Sjálfsmat leikskólakennara og annars starfsfólks	24

Inngangur

Mat á leikskólastarfi er mikilvægur liður í því að fylgjast með því með hvaða hætti leikskólar uppfylla þær kröfur sem til þeirra eru gerðar, hvort heldur sem er í lögum um leikskóla eða í Aðalnámsskrá leikskóla. Leikskólastarf er metið með fjölbreyttum hætti og er hverjum leikskóla skylt að framkvæma bæði innra og ytra mat og miðla niðurstöðum til þeirra sem málið varða.

Mat á námi, þroska og velferð barna er mikilvægur þáttur í leikskólastarfi og gerð er rík krafa um að leikskólar nýti fjölbreyttar aðferðir til að skrá, meta og miðla því námi sem fram fer hjá hverju barni í leikskólanum.

Við mat á leikskólastarfi er mikilvægt að hafa til grundvallar þá stefnu sem sett er fram í Aðalnámsskrá. Það er síðan í höndum hvers leikskóla að marka sína eigin stefnu og er hún sett fram í skólanámsskrá hvers skóla. Í Aðalnámsskrá eru einnig sett fram viðmið varðandi mat á leikskólastarfi og er það síðan í höndum hvers leikskóla að móta sínar aðferðir við skráningu og mat á námi barna.

Þessi handbók er leiðarvísir um það námsmat sem fer fram á Leikskólanum Laugalandi. Fjallað er um þau námssvið sem sett eru fram í Aðalnámsskrá leikskóla, hvaða aðferðir eru nýttar til námsmats og hvaða verklagi starfsfólk leikskólans fylgir við mat á námi. Hlutverk starfsfólks við námsmat er mikilvægt og byggir á fagmennsku hvers og eins. Til að viðhalda og efla fagmennsku alls starfsfólks er markmiðið að starfsfólk ígrundi störf sín með markvissum hætti og því er einnig fjallað um sjálfsmat starfsmanna.

Námsmatshandbókin er fyrst gefin út vorið 2024 og skal vera lifandi plagg sem verður endurskoðað á hverju skólaári.

Aðalnámsskrá

Í stefnu stjórnvalda fyrir menntun í leik-, grunn- og framhaldsskólum eru skilgreindir sex grunnþættir menntunar sem allt skólastarf byggir á. Þessir þættir eru:

- Læsi
- Sjálfbærni
- Heilbrigði og vellíðan
- Lýðræði og mannréttindi
- Jafnrétti
- Sköpun

Leikskólastarf á Íslandi byggir á þeirri stefnumótun sem sett er fram í lögum um leikskóla og í Aðalnámsskrá leikskóla á hverjum tíma. Í Aðalnámsskrá eru grunnþættirnir sex settir fram sem fjögur námssvið, sem öll eiga þó að fléttast saman í daglegu starfi leikskólans. Námssviðin fjögur eru:

- Læsi og samskipti
- Heilbrigði og vellíðan
- Sjálfbærni og vísindi
- Sköpun og menning

Á grunni hvers námssviðs eru síðan tilgreindar þær aðstæður sem hverjum leikskóla ber að skapa svo börn fái ríkuleg tækifæri til náms og þá sérstaklega í gegnum leik. Ítarlegar upplýsingar um námssviðin og þær aðstæður sem leikskólanum ber að skapa má finna í Aðalnámsskrá leikskóla á þessari slóð:

<https://adalnamskra.is/adalnamskraleikskola/Kafli%209%20%20Leikur%20%C3%AD%20sam%C3%BE%C3%A6ttu%20og%20skapandi%20leiksk%C3%B3lastarfi>

Við mat á námi barna er því mikilvægt að horfa til þessara námssviða og hvernig leikskólanum hefur tekist að gefa hverju barni þau tækifæri sem kveðið er á um í Aðalnámsskrá.

Mat á leikskólastarfi og námi barna

Í Aðalnámsskrá leikskóla er kveðið á um að meta skuli leikskólastarf með reglubundnum og formlegum hætti. Mat á skólastarfi er fjölþætt og skiptist í grundvallaratriðum í innra og ytra mat. Með innra mati er átt við það mat sem fram fer innan skólastofnunar, með þátttöku stjórnenda, starfsfólks, nemenda og foreldra. Í innra mati felst að skoða hvernig skólinn vinnur að þeim markmiðum sem sett hafa verið fram í skólanámsskrá og eru niðurstöður nýttar til umbóta á starfi skólans. Með ytra mati er átt við að opinberir aðilar, á borð við sveitarfélög eða ríkisstofnun á vegum Menntamálaráðuneytis, framkvæmi úttekt á starfi skólans með því að safna gögnum um starfsemina. Niðurstöður slíkrar úttektar eru einnig nýttar til umbóta á starfi skóla.

Við mat á leik, námi og velferð barna skal nýta fjölbreyttar aðferðir og þarf sú upplýsingaöflun að styðja við nám barnsins og vellíðan þess. Markmið með slíku mati er að auka þekkingu starfsfólks, barnsins og foreldra á færni, námi og líðan barnsins. Upplýsingum er safnað með markvissum og fjölbreyttum hætti, í samstarfi við barnið sjálft og foreldra þess. Matsferli á að vera samþætt daglegu starfi og endurspeglar markmið leikskólastarfs og skólanámsskrá hvers leikskóla.

Mat á námssviðum

Í Aðalnámsskrá eru námssvið leikskóla skilgreind og fjallað ítarlega um þær aðstæður sem leikskólum ber að skapa svo öll börn hafi jöfn tækifæri til náms. Námssviðin fjögur eru hvert um sig mjög víðtæk og að

sama skapi þær aðstæður og námstækifæri sem þar eru skilgreind. Því er mikilvægt að leikskólar meti með markvissum hætti hvort og þá hvernig þessum þáttum er sinnt í daglegu starfi leikskólans.

Verkferlar við mat á námssviðum Aðalnámskrár

Framkvæmd: Mat á grunnþáttum menntunar og námssviðum fer fram í samræmi við langtímaáætlun um innra mat leikskólans. Starfsfólk hvernar deildar fer yfir matsblað (Fylgiskjal nr. 1) og skráir hvort og þá hvernig unnið er að þeim þætti sem metin er hverju sinni.

Niðurstöður og eftirfylgni: Deildarstjóri tekur saman niðurstöður og skilar til skólastjórnenda. Deildarstjóri og stjórnendur vinna saman að umbótaáætlun, deildarstjóri ber ábyrgð á að framfylgja áætlun inni á deild. Niðurstöður birtast í skýrslu um innra mat leikskólans ár hvert.

Formlegt mat/matstæki

Leikskólinn Laugalandi nýtir fjölbreyttar aðferðir við mat á leik, námi og velferð barna. Hér verður fjallað um þau formlegu matstæki sem nýtt eru í leikskólanum til að meta nám og þroska barna.

TRAS

TRAS er skráningarlisti sem ætlaður er til notkunar af fagfólki fyrir börn á aldrinum tveggja til fimm ára. Með markvissri notkun TRAS skráningarlistans geta leikskólakennarar og annað fagfólk fengið yfirsýn yfir stöðu barns og framvindu málþroska. Skráningin gefur ákveðnar vísbendingar um það hvort málþroski barnsins fylgi eðlilegu mynstri máltöku. Með notkun TRAS er verið að skrá framfarir í eftirfarandi þáttum: félagsfærni/samleik, tjáskipti/samskipti, athygli/einbeitingu, málskilning, málvitund, framburð, orðaforða og setningamyndun (Fylgiskjal 2).

Framkvæmd: Fyrsta skráning er gerð þegar barn er 2 ára og 2 mánaða og síðan á sex mánaða fresti út leikskólagöngu. Hvert barn á sitt skráningarblað sem fylgir því út skólagönguna. Kennari með TRAS réttindi sér um að skrá ásamt starfsmanni sem þekkir barnið vel.

Niðurstöður: Séu engin frávik sjáanleg er framvinda skráningar sýnd foreldrum í foreldraviðtali einu sinni á ári. Sýni skráning merki um frávik sem kanna þarf frekar ber deildarstjóra að kalla foreldra til viðtals, kynna þeim niðurstöður og fá foreldra til samstarfs um frekari vinnslu niðurstaðna til að styrkja málþroska barnsins.

Eftirfylgni: Viðbrögð við frávikum eru misjöfn eftir alvarleika þeirra. Séu frávik væg er unnið með þá þætti í hópastarfi eða einstaklingsstundum. Séu frávik alvarleg er farið í frekara mat á málþroska barnsins og fellur það undir kaflann um aðkomu sérkennslu.

MIO

MIO er skimun á stærðfræðiproska barna á leikskólaaldri og hjálpar starfsfólki að átta sig á þeirri stærðfræðifærni sem hvert barn hefur tileinkað sér. Hér er skimað fyrir þáttum sem tengjast þrautalausnum, rúmfræði og talningu og fjölda. Skimunin hjálpar starfsfólki að koma auga á frávik og grípa inn í með markvissum aðgerðum og snemmtækri íhlutun. *MIO* er notað fyrir öll börn í leikskólanum frá 2,5 árs aldri (Fylgiskjal 3).

Framkvæmd: Fyrsta fyrirlögn er u.þ.b. 2 ára og 6 mánaða. Næst eru börnin metin þegar þau eru 3 ára og 6 mánaða og að síðustu 4 ára og 6 mánaða. Hvert barn á sitt skráningarblað sem fylgir því út leikskólagönguna. *MIO* er fyllt út í samvinnu hópstjóra hvers árgangs og annars starfsfólks.

Niðurstöður: Séu engin frávik sjáanleg er framvinda skráningar sýnd foreldrum í foreldraviðtali einu sinni á ári. Sýni skráning merki um frávik er það metið hverju sinni hvort kalla þurfi foreldra til samráðs eða hvort nægilegt sé að vinna að styrkingu stærðfræðiproska í starfi inni á deild.

Eftirfylgni: Séu frávik væg er unnið með þá þætti í hópastarfi eða einstaklingsstundum. Séu frávik alvarleg er farið í frekara mat á proska barnsins og fellur það undir kaflann um aðkomu sérkennslu.

HLJÓM-2

HLJÓM-2 er íslenskt próf í leikjaformi sem lagt er fyrir öll börn í elsta árgangi leikskólans. Markmið með notkun *HLJÓM-2* er að meta hljóðkerfis- og málvitund barnanna í því skyni að bera kennsl á þau börn sem gætu verið í áhættu varðandi lestrarerfiðleika. Þeir þættir sem prófið metur eru rím, samstöfur, samsett orð, hljóðgreining, margræð orð, orðhlutaeyðing og hljóðtenging.

Framkvæmd: Kennari með réttindi til að taka *HLJÓM-2* próf leggur prófið fyrir elsta árgang leikskólans að hausti (september eða október). Séu niðurstöður einhverra barna á þá leið að þau hafi slaka eða mjög slaka færni er prófið lagt aftur fyrir viðkomandi í byrjun janúar.

Niðurstöður: Kennari reiknar út niðurstöður og skráir á sérstakt blað. Foreldrum eru kynntar niðurstöður og fá þeir afrit af niðurstöðublaði (Fylgiskjal 4).

Eftirfylgni: Ef niðurstöður barns sýna slaka eða mjög slaka færni er unnið með þá þætti hljóðkerfisvitundar í hópastarfi eða einstaklingsstundum. Þá er einnig unnið að íhlutun í öllu daglegu starfi og taka allir starfsmenn þátt í því starfi. Barn sem sýnir mjög slaka færni á *HLJÓM-2* prófi er vísað til talmeinafræðings.

Mot 4-6

Hreyfiproskaprófið *Mot 4-6* er notað til að meta hreyfiproska barna á aldrinum fjögurra til sex ára. Prófið samanstendur af 18 verkefnum sem mæla liðleika, samhæfingu, færni, fínhreyfingar, jafnvægi, viðbragðshæfni, stökkkraft, hraða sem og nákvæmni hreyfinga.

Framkvæmd: Mot 4-6 prófið er lagt fyrir tvo elstu árganga leikskólans í janúar ár hvert og hjálpast tveir starfsmenn að við prófunina.

Niðurstöður: Barn fær ákveðin fjölda stiga eftir því hversu vel honum tókst að leysa verkefni. Barn getur náð góðri færni, meðalfærni og slakri færni. Niðurstöður eru kynntar foreldrum í foreldraviðtali að vori (Fylgiskjal 5).

Eftirfylgni: Heildarstigafjöldi gefur ákveðna hreyfitölu miðað við aldur barnsins. Slakir þættir gefa leikskólakennara/deildarstjóra ákveðnar vísbendingar og er þá unnið með þá þætti í hreyfistundum. Ef tilefni er talið til er óskað eftir aðkomu umsjónarmanns sérkennslu.

Óformlegt mat

Þrátt fyrir að formlegt mat á námi barna sé mikilvægur liður í því að afla gagna um stöðu hvers barns er ekki síður mikilvægt að starfsfólk leikskóla öðlist færni í að sinna óformlegu mati í formi skráninga. Með skráningum er átt við að starfsfólk safni upplýsingum um færni barnanna í leik, það má gera með myndbandsupptökum, myndatöku eða því að sitja í rými og skrá jafnt og þétt það sem gerist í leik barnanna. Til eru nokkrar aðferðir við að vinna úr slíkri gagnasöfnun, en hér verður fjallað um þær aðferðir sem starfsfólk leikskólans á Laugalandi nýtir í sínu starfi.

Uppeldisfræðileg skráning

Í þessari skráningaraðferð felst að safna upplýsingum um barnið og áhugasvið þess með því að fylgjast með barninu í leik. Þess háttar skráning er oft nefnd sýnileg hlustun því markmiðið er að sjá hvernig barn lærir og í hvaða aðstæðum nám fer fram. Uppeldisfræðileg skráning er gagnleg til ígrundunar fyrir starfsfólk um eigið starf og hvernig hægt sé að þróa starfið áfram.

Námssöguaðferð

Í þessari skráningaraðferð felst að meta nám barns í samvinnu við barnið sjálft. Horft er til þess að meta reynslu barnsins og hvernig það sjálft túlkar nám sitt. Þessi aðferð er notuð til þess að skoða hvað vekur áhuga hjá barninu og hvað stuðlar að samvinnu og samheldni milli barna. Áherslan er því á nám í félagslegu samhengi og hvernig börnin túlka eigið nám í leik.

Ferilmappa

Markmið með mati á leik, námi og velferð barna er að auka þekkingu leikskólakennara, barnanna sjálfra, foreldra og annars starfsfólks á færni barna og þroskaferli þeirra. Ferilmappa hvers barns segir sögu þess í leikskólanum, frá því það hóf leikskólagöngu þar til það útskrifast úr leikskólanum. Skráningar í ferilmöppu og matsferlið sjálft á að vera samofið daglegu starfi í leikskólanum og mikilvægt er að börnin fái að taka þátt í mótun sinnar ferilmöppu.

Í Aðalnámskrá er fjallað um einstaklingsmiðað mat og að við slíkt mat skuli lögð áhersla á:

- andlega og líkamlega vellíðan hvers barns
- færni þess í daglegum athöfnum
- upplifun barns að tilheyra barnahópnum
- hvernig barn unni sér í leik
- sjálfræði og sjálfstæði
- sjónarmið, áhugasvið, hugmyndir og tilgátur
- frumkvæði og sköpunarkraft í leik og daglegu starfi
- þátttöku í leik úti og inni
- félagsfærni og samkennd
- tjáningu og samskipti
- áhrifamátt barnsins

Ferilmappa er öflugt verkfæri sem sýnir þróun barnsins á þessum mikilvægu mótunarárum sem leikskólaaldurinn er. Ferilmappan sýnir hvar áhugi barnsins liggur á hverjum tíma, að það sé forvitið, rannsakandi og skapandi. Ferilmappan inniheldur samansafn af verkum barnsins, námsferli, frásögnum, skráningum, túlkun og ígrundun. Í ferilmöppunni fá sjónarmið barnsins að njóta sín ásamt skráningum leikskólakennara.

Í Aðalnámskrá er fjallað ítarlega um námssvið leikskóla og þau tækifæri sem leikskólanum ber að skapa hverju barni (Fylgiskjal 1). Í ferilmöppunni er þessum þáttum gerð skil og sýnt fram á með hvaða hætti hvert barn fékk þau tækifæri sem kveðið er á um í Aðalnámskrá.

Ferilmappa hvers barns þarf því að innihalda upplýsingar sem safnað hefur verið með fjölbreyttum hætti. Veturinn 2024-2025 verður unnið að því að þróa rafrænar ferilmöppur fyrir öll börn við leikskólann á Laugalandi. Í fylgiskjali 6 má sjá lista yfir þau atriði sem skulu vera í ferilmöppu hvers barns og er það á ábyrgð deildarstjóra að allt starfsfólk gegni hlutverki í því að fylla inn í ferilmöppu barnanna. Sérstaklega skal síðan gæta að hlutverki barnanna við gerð sinnar ferilmöppu.

Mat barna á eigin námi

Líkt og kemur fram í kafla um ferilmöppu er mikilvægt að barn fái sjálft að taka þátt í mótun sinnar ferilmöppu. Með notkun skráningaraðferða á borð við uppeldisfræðilegra skráninga og námssöguaðferðar, þar sem einblínt er á hvernig nám hvers barns fer fram og hvernig barnið sjálft túlkar eigið nám er reynt að tryggja að rödd barnsins birtist í þeim verkum og skráningum sem eru í ferilmöppu þess.

Við leikskólann eru þó einnig notaðar aðrar aðferðir til að börn fái tækifæri til að meta eigið nám og þær aðstæður sem leikskólinn býður upp á hverju sinni.

Broskallamat

Á hverju vori taka tveir elstu árgangar leikskólans þátt í svokölluðu broskallamati (sjá fylgiskjal 7). Í því mati fær hvert barn tækifæri til að meta eigið nám og aðstæður með formlegum hætti. Barnið situr þá eitt með starfsmanni og fer yfir þá þætti sem metnir eru hverju sinni, barnið gefur síðan hverjum þætti viðeigandi broskall eftir því hvaða niðurstöðu það kemst að í samtalinu. Niðurstöður alls hópsins eru síðan dregnar saman í súlurit og birtar í ársskýrslu leikskólans. Deildarstjóri ber ábyrgð á því að broskallamat fari fram á deildinni á vorönn.

Barnafundir

Í hverjum árgangi eru reglulega haldnir svokallaðir barnafundir, en þeir fylgja því formi sem sett er fram í stefnu um Jákvæðan aga sem leikskólinn styðst við. Á slíkum fundum eru ákveðin atriði tekin til umfjöllunar hverju sinni og öll börn fá tækifæri til að tjá sig um umfjöllunarefni fundarins. Fundirnir eru haldnir í smærri hópum og haldnar eru fundargerðir sem varðveittar eru á deildum. Markmið með barnafundum er að efla og styrkja félags- og tilfinningaþroska ásamt því að börnin læri að leggja fram hugmyndir og leita lausna við vandamálum í hóp. Á þessum fundum má taka fyrir hvert það umræðuefni sem kennari eða barn leggur fram og allir fá tækfæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Deildarstjórar bera ábyrgð á því að barnafundir séu haldnir með reglubundnum hætti á deildunum.

Vinnuferli sérkennslumála

Við Leikskólann Laugalandi starfar umsjónarmaður sérkennslu sem hefur yfirumsjón með vinnslu þeirra mála þar sem styrkja þarf nemendur með einstaklingsbundnum hætti. Hér á eftir er umfjöllun um það formlega og óformlega mat sem fellur undir úrræði sérkennslu.

Formlegt mat sérkennslumála

AEPS-matskerfið

AEPS matskerfið er notað í sértækum tilgangi og er það hagnýtt verkfæri sem nýtist vel við skipulagningu íhlutunar og gerð einstaklingsnámskrár. AEPS felst í matslistum sem lagðir eru annars vegar fyrir foreldra og hins vegar fyrir starfsfólk leikskóla. Listarnir meta færni barnsins á sex þroskasviðum: fín- og grófhreyfingum, vitrænum þáttum, aðlögun, félagslegum tjáskiptum og félagslegu samspili. Niðurstöður matsins gefa góða vísbendingu um styrkleika og veikleika barnsins og er samanburður við barnið sjálft.

Framkvæmd: Foreldrar svara listanum „Upplýsingar frá fjölskyldu“. Umsjónarmaður sérkennslu fyllir út í listann sem nefnist „Matslisti fyrir barn“ ásamt deildarstjóra eða öðrum starfsmanni sem þekkir barnið vel.

Niðurstöður: Umsjónarmaður sérkennslu tekur upplýsingar saman. Markmið eru valin út frá niðurstöðum. Ef um endurmat er að ræða þá eru niðurstöður bornar saman við fyrra mat.

Eftirfylgni og íhlutun: Gerð eru námsmarkmið eða einstaklingsnámskrá með markmiðum sem unnin eru í samvinnu við foreldra. Unnið er með barninu í sérkennslu og/eða inn á deild. Ef þörf þykir er send tilvísun til skólaþjónustu sveitarfélagsins. Listinn „Matslisti fyrir barn“ er fylltur út á um 6 mánaða fresti til að fylgjast með framförum. Markmið eru endurskoðuð í samvinnu við foreldra.

Íslenski smábarnalistinn

Íslenski smábarnalistinn er mælitæki sem ætlað er að meta málþroska, hreyfiþroska og sjálfsbjörg barna á aldrinum 15 til 38 mánaða. Listinn samanstendur af 144 staðhæfingum sem mæður svara um börn sín. Smábarnalistinn er notaður þegar gera þarf þroskamát eða þegar úrvinnsla úr öðrum skráningum innan leikskólans gefur tilefni til að leita með formlegum hætti eftir þroskafrávikum hjá barni. Þær niðurstöður sem fást með notkun smábarnalistans geta gagnast leikskólakennurum og foreldrum við að ákveða hvort vísa þurfi barni til frekari greiningar á þroskafrávikum.

Framkvæmd: Móðir barns svarar listanum.

Niðurstöður: Leikskólakennari sem hefur lokið réttindanámskeiði á Íslenska smábarnalistanum getur notað listann og reiknar út niðurstöður í sérstöku forriti. Í kjölfarið er foreldrum kynntar niðurstöður.

Eftirfylgni og íhlutun: Gefi niðurstöður vísbendingar um einhvern vanda sem skoða þurfi frekar er það metið í samráði við foreldra hvort ástæða sé til að vísa barninu til sálfræðings til nánari athugunar.

Íslenski þroskalistinn

Íslenski þroskalistinn er mælitæki sem ætlað er að meta málþroska, hreyfiþroska og sjálfsbjörg barna á aldrinum þriggja til sex ára. Listinn samanstendur af 208 staðhæfingum sem mæður svara um börn sín. Listanum er skipt niður á sex undirpróf sem eru: grófhreyfingar, fínhreyfingar, sjálfsbjörg, hlustun, tal og nám.

Framkvæmd: Móðir barns svarar listanum.

Niðurstöður: Leikskólakennari sem lokið hefur réttindanámskeiði á Íslenska þroskalistann getur notað listann og reiknar út niðurstöður í sérstöku forriti. Í kjölfarið er foreldrum kynntar niðurstöður

Eftirfylgni: Gefi niðurstöður vísbendingar um einhvern vanda sem skoða þurfi frekar er það metið í samráði við foreldra hvort ástæða sé til að vísa barninu til sálfræðings til nánari athugunar.

Orðaskil

Orðaskil er málþroskapróf sem inniheldur m.a. orðaforðagátlista fyrir börn á aldrinum 18 til 36 mánaða.

Með útfyllingu listans má meta stærð orðaforða barna ásamt því hvort þau hafa náð valdi á beygingum og setningagerð tungumálsins. Gátlistanum fylgja aldurstengd viðmið og því hægt að bera niðurstöður hvers barns saman við meðaltalssvörun jafnaldra. Notkun prófsins gefur því sterkar vísbendingar um hvort orðaforði, beygingar og setningagerð mælist innan eðlilegra marka miðað við jafnaldra

Framkvæmd: Foreldrar svara styttri útgáfu Orðaskil málþroskaprófsins (kafla A og E).

Niðurstöður: Umsjónarmaður sérkennslu eða leikskólakennari tekur saman niðurstöður og kynnir þær fyrir foreldrum.

Eftirfylgni og íhlutun: Falli stigafjöldi barnsins ekki innan settra marka á öðrum hvorum kaflanum er það vísbending um að röskun hafi orðið á málþroska. Metið er hverju sinni hvort ástæða sé að vísa barninu til talmeinafræðings til nánari athugunar.

Sensory profile II

Sensory Profile II (Birthing skynjunar II) er matslisti sem gefur mynd af skynúrvinnslu barna á aldrinum 3 – 14 ára. Metið er hvernig barn túlkar og vinnur úr skynáreitum og hvort skynjun þess sé að hafa áhrif á færni í daglegum aðstæðum. Niðurstöður gefa vísbendingar um skynþröskuld og þörf fyrir aðlögun viðfangsefna og umhverfis.


Framkvæmd: Kennari svarar einum lista og foreldri/forráðamaður öðrum. Metin er skynúrvinnsla barns í mismunandi aðstæðum.

Niðurstöður: Umsjónarmaður sérkennslu tekur saman niðurstöður og gerir samantektarskýrslu með tillögum að úrræðum og kynnir fyrir foreldrum.

Eftirfylgni og íhlutun: Foreldrum og starfsfólki kynntar tillögur að úrræðum og umhverfið aðlagð eftir því sem við á.

Íslenska sem annað mál

Mikilvægt er að huga sérstaklega að móttöku barna sem hafa annað móðurmál en íslensku. Í Leikskólanum Laugalandi er unnið eftir eftirfarandi verkferlum þegar barn sem ekki talar íslensku byrjar í leikskólanum.



Framkvæmd: Þegar barnið hefur verið í íslensku málumhverfi í 6 mánuði er staða þess metinn út frá Hæfnirömmum Menntamálastofnunar fyrir fjöltyngd börn í leikskólum.

Niðurstöður: Sett eru einstaklingsmarkmið sem byggja á skráningu í samræmi við hæfniramma og önnur skráningar- og matstæki sem notuð eru í leikskólanum.

Eftirfylgni: Framfarir barnsins metnar út frá hæfnirömmum með reglubundnum hætti og einstaklingsmarkmið uppfærð.

Hæfniramma í heild sinni má nálgast á eftirfarandi slóð:

https://mms.is/sites/mms.is/files/haefnirammar_isl_fjoltyngd_4_-_leikskoli.pdf

Sjálfsmat leikskólakennara og annars starfsfólks

Að vinna á leikskóla er hvort tveggja gefandi og krefjandi. Í Aðalnámskrá leikskóla er gerð sú krafa til leikskólakennara að þeir séu leiðandi í mótun starfsins, að þeir séu góðar fyrirmyndir í starfi og bæði fylgist með nýjungum og miðli þeirri þekkingu til annarra. Hverjum leikskólakennara ber að sjá til þess að börn séu virt að verðleikum og að starf leikskólans sé skipulagt á þann veg að börn fái notið bernsku sinnar.

Aðalnámskrá kveður einnig á um að allt starfsfólk komi fram við börn af virðingu, taki tillit til barna og hlusti á sjónarmið þeirra. Starfsfólk á enn fremur að leitast við að vera gefandi í samskiptum við börn, samstarfsfólk og fjölskyldur barnanna.

Fagmennska leikskólakennara og annars starfsfólks er einkar mikilvægur þáttur í farsælu leikskólastarfi. Öllu starfsfólki skal því reglulega gefið rými til sjálfsmats og ígrundunar á eigin starfsháttum, hvort heldur sem er persónulega eða í hóp.

Starfsmannasamtal

Á hverju skólaári eru skipulögð fjögur formleg snerpusamtöl hvers starfsmanns við leikskólastjóra. Þar gefst starfsfólki leikskólans kostur á að ræða líðan sína í starfi ásamt því þema sem er fyrirfram ákveðið hverju sinni, þá getur starfsmaður ávallt óskað eftir að ræða eitthvað ákveðið. Þemu hvers skólaárs eru ákveðin af leikskólastjóra og geta m.a. verið stjórnun leikskólans, starfsþróun og hvernig styrkleikar starfsmanns nýtast í starfi.

Ígrundun sjálfsmatslista

Á hverju haust gefst starfsfólki tækifæri til að ígrunda eigið starf út frá sjálfsmatslista. Listarnir eru þrír, samskipti, starf og líðan í starfi og er einn listi tekinn fyrir á hverju skólaári. Ígrundun fer fram með þeim hætti að starfsfólki gefst kostur á að velja einn fagmenntaðan starfsmann til að eiga ígrundarsamtal við út frá viðkomandi lista. Ígrundunarsamtalið fer fram á haustönn, ekki er haldin eiginleg fundargerð um samtalið en sé eitthvað sem starfsmaður vill vinna að því að bæta er möguleiki á að endurtaka samtalið á vorönn með tilliti til þeirra þátta sem starfsmaður vildi beina sjónum sínum sérstaklega að.

Barnafundir starfsmanna

Barnafundir starfsmanna eru settir upp með sama formi og hefðbundnir barnafundir, í samræmi við stefnu um Jákvæðan aga. Markmið með barnafundum starfsmanna er að gefa starfsfólki tækifæri til að ígrunda hvernig gengur að nýta verkfæri Jákvæðs aga í starfi leikskólans. Tekin eru raunveruleg dæmi úr starfinu og það rætt í hópnum hvernig best sé að bregðast við í slíkum aðstæðum með hliðsjón af Jákvæðum aga. Uppsetning fundanna er í samræmi við uppsetningu barnafunda og haldin fundargerð um umræðuefni hvers fundar.

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1 – Námsgæði leikskóla

Læsi og samskipti - Í leikskóla ber að skapa aðstæður svo börn fái tækifæri til að:

Matsþáttur:	Leiðir í starfi deilda:	Metið á eftirfarandi hátt:
eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti		
endurskapa upplifun sína og reynslu í leik og skapandi starfi		
tjá sig með margvíslegum hætti		
velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu, sem og menningu og samfélagi annarra		
geta ígrundað í næði		
efla trú á eigin getu		
eiga hlutdeild í starfi leikskólans		
þróa læsi í víðum skilningi		
iðka margbreytilega tjáningu		
deila skoðunum sínum og hugmyndum		
kynnast tungumálinu og möguleikum þess		
þróa tungumál í leik með öðrum börnum		
nýta tungumál á fjölbreyttan hátt – upplifanir og orð verða tækifæri til sköpunar		
njóta þess að hlusta á og semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri		
nýta ritað mál í leik		
öðlast skilning á að líkamstjáning og tákn hafi merkingu		
nýta ólíkar leiðir og margvíslega tækni til að nálgast upplýsingar og setja fram hugmyndir sínar		
læra á stafræna miðla, efla hæfni sína á því sviði og hagnýta sér stafræna tækni í daglegu lífi		
verða meðvituð, gagnrýnin á stafræna tækni		
beita stafrænni tækni í leik á skapandi hátt		
hafa aðgang að tækni til að stuðla að jöfnun tækifæra		

Heilbrigði og vellíðan - Í leikskóla ber að stuðla að heilbrigði og vellíðan barna með því að leggja áherslu á:

Matspáttur:	Leiðir í starfi deilda:	Metið á eftirfarandi hátt:
jöfnun félags- og menningarlegra aðstæðna barna		
virka þátttöku barna í leik og starfi		
faglega umhyggju		
líkamlega og andlega vellíðan		
persónulega umhirðu		
gott rými fyrir leik svo að börnin hafi svigrúm til að tjá sig í hreyfingu		
rými fyrir vellíðan og ró		
slökun og hvíld		
tilfinningalegt jafnvægi		
samfelldan tíma til leiks		
holla næringu		
margvíslega hreyfingu		
ögrandi og krefjandi útivist		
eiturefnalaust umhverfi		

Sjálfbærni og vísindi - Í leikskóla á að skapa aðstæður svo börn fái tækifæri til að:

Matspáttur:	Leiðir í starfi deilda:	Metið á eftirfarandi hátt:
þykja vænt hvert um annað, umhverfi sitt og náttúruna		
vinna með og velta vöngum yfir umgengni sinni og virðingu fyrir náttúrulegu og manngerðu umhverfi		
rannsaka og uppgötva nærumhverfi sitt		
efla jákvæð samskipti og þau fái tækifæri til að leysa mál sem upp koma í leik á eigin forsendum		
tengja hugmyndavinnu, eigin uppgötvanir um náttúruna og náttúruleg fyrirbæri		
vinna í samvinnu og samstarfi með öðrum, bæði öðrum börnum og fullorðnum		
sjá hvernig vistspor þeirra og nærsamfélags geta stuðlað að sjálfbærri þróun		
kynnast hringrásum og fyrirbærum í náttúrunni, margvíslegum auðlindum og nýtingu náttúrunnar, eiturefnum í umhverfinu, endurnýtingu efniviðs í leik og skapandi starfi		

kynnast upplýsingamiðlun, framsetningu og gildi upplýsinga		
kynnast stærðfræðilegum viðfangsefnum, svo sem flokkun, tölum, táknum og mynstrum		
kynnast lífverum í umhverfinu og lífsháttum þeirra		
átta sig á eðli ýmissa krafta og birtingarmyndum þeirra í umhverfinu		
kanna eiginleika ýmissa efna og hluta, svo sem áferð og þyngd		

Sköpun og menning - Í leikskóla á að vera rými fyrir sköpunarferli og fagurfræðilega tjáningu þar sem börn fá:

Matspáttur:	Leiðir í starfi deilda:	Metið á eftirfarandi hátt:
að undrast, upplifa og njóta þess að taka þátt í skapandi ferli		
finna til ánægju og gleði yfir eigin sköpunarkrafti		
að kanna, uppgötva og vinna með margvíslegan efnivið		
að njóta fjölbættra tjáningarleiða		
að upplifa trú á eigin getu til að skapa		
tækifæri til að vinna verk sem byggjast á eigin frumkvæði, að skapa og tjá upplifun sína, svo sem í myndlist, tónlist, söng, dansi og leikrænni tjáningu		
að njóta margsháttar menningar og lista		
að kynnast fjölbreyttum aðferðum og verkfærum		
að nýta margvíslega tækni		
umhverfi og efnivið sem býður upp á skapandi lausnir		
að taka virkan þátt í að móta menningu leikskólans með hátíðum og viðburðum sem tengjast barnamenningu		
að kynnast og vinna með listafólki á hinum ýmsu sviðum menningar og lista		
að vera mótendur barnamenningar		

SAMLEIKUR/ FÉLAGSFÆRNI

Aldur 2 – 3 ár

1. Hefur barnið áhuga á að leika sér við aðra? (barn/fullorðinn)
2. Sækist barnið eftir því að hjálpa til við ýmis störf?
3. Á barnið frumkvæði að jákvæðum samskiptum?

Aldur 3 – 4 ár

1. Getur barnið fylgt reglum í leik sem fullorðinn stýrir?
2. Tekur barnið því að önnur börn sjni því áhuga sem það er sjálft upptekið af?
3. Getur barnið tekið leiðbeiningum með því að herma eftir öðrum?

Aldur 4 – 5 ár

1. Getur barnið tekið þátt í samleik í jafn langan tíma og jafnaðrar?
2. Tekur barnið þátt í hlutverkaleik?
3. Fylgir barnið félagslegum leikreglum?

TJÁSKIPTI/SAMSKIPTI

Aldur 2 – 3 ár

1. Lætur barnið að fyrira bragði í ljós þörf fyrir að tjá sig?
Dæmi: með svipbrigðum, W-bragði, orðum.
2. Tjáir barnið sig með orðum við aðra að eigin frumkvæði?
3. Getur barnið haldið uppi samræðum, stutta stund í einu?

Aldur 3 – 4 ár

1. Notar barnið málið í eðlilegu samhengi við það sem er að gerast?
2. Getur barnið haldið uppi samræðum í dálíttu stund?
3. Getur barnið tjáð óskir sínar, tilfinningar og þarfir með orðum?

Aldur 4 – 5 ár

1. Er ákveðið samhengi í frásögnum barnsins?
2. Getur barnið tjáð sig skiljanlega og tekið svörum viðmælanda?
3. Getur barnið farið með stuttar vísur og brandara?

ATHYGLI / EINBEITING

Aldur 2 – 3 ár

1. Getur barnið beint athygli að ákveðnu verkefni?
Dæmi: pústa, mála, kúba.
2. Getur barnið haldið athygli við verkefni í stutta stund?
3. Finnst barninu gaman að láta lesa fyrir sig?

Aldur 3 – 4 ár

1. Getur barnið haldið sig við sjálfvalið verkefni.
2. Getur barnið setið kyrrt á sínum stað ef til þess er ætlast?
3. Getur barnið beðið eftir að röðin komi að því án þess að missa athyglina?

Aldur 4 – 5 ár

1. Getur barnið haldið athygli við verkefni í dágóða stund?
2. Getur barnið leikið sér án þess að trufla aðra?
3. Tekur barnið þátt í frjálsum leik líkt og jafnaðrar?

MÁLSKILNINGUR

Aldur 2 – 3 ár

1. Getur barnið bent á algenga hluti samkvæmt beiðni?
Dæmi: Bili, dúkkur, húla, stól, hús o.þ.
2. Fylgir barnið einföldum fyrirmælum:
Dæmi: Settu kubbinn í kassann. Láttu bollann á borðið.
3. Getur barnið fundið réttan hlut þegar sagnorð eru notuð í fyrirmælum?
Dæmi: Sýndu mér það sem við litum með. Úr hverju dreikjum við?

Aldur 3 – 4 ár

1. Getur barnið flokkað hluti eftir yfirhugtökum?
Dæmi: tó, leikföng, matur, öýr.
2. Skilur barnið setningar sem innihalda forsetningar?
Dæmi: Settu bílinn undir stólinn. Settu kubbinn upp á borð.
3. Þekkir barnið minnst þrjú til fjögur lítaheiti?

Aldur 4 – 5 ár

1. Skilur barnið stigbreytingu lýsingarorða? Hér er átt við hvort barnið átti sig á orðum yfir samanturð s.s. stór, minni, stæstur.
2. Skilur barnið málsgreinar með neitun í aukasetningu? (Sjá handbók)
3. Getur barnið útskýrt orð yfir algenga hluti? Hvað er bók? Hvað er litur?

MÁLVIÐUND

Aldur 2 – 3 ár

1. Sýnir barnið áhuga þegar þið skoðið saman myndabækur?
2. Tekur barnið þátt í leikjum með rim og stuttar þulur?
3. Tekur barnið þátt í söngstundum?

Aldur 3 – 4 ár

1. Man barnið rimleiki og söngva sem oft er farið í?
2. Tekur barnið þátt í að ríma?
3. Getur barnið með hjálp mynda greint mun á líkum orðum?

Aldur 4 – 5 ár

1. Kann barnið að ríma?
2. Getur barnið aðgreint fyrsta hljóð í orðum?
3. Getur barnið skrifað nafnið/gælunafnið sitt?

FRAMBURÐUR

Aldur 2 – 3 ár


1. Er tiltölulega auðvelt að skilja barnið?
2. Getur barnið borið fram orð með /m/, /n/, /b/, /d/, /l/
3. Ber barnið orð yfirleitt skýrt fram?

Aldur 3 – 4 ár

1. Getur barnið borið fram /k/, /g/ rétt í orðum?
Dæmi: kaddi, kaka, goli, egg.
2. Notar barnið /s/, /t/, og /v/ rétt fremst í orðum?
Dæmi: sól, tíni, vinur.
3. Getur barnið borið fram öll atkvæði í þriggja atkvæða orðum?
Dæmi: laggubili, litabók, afmæli.

Aldur 4 – 5 ár

1. Getur barnið borið rétt fram samhljóðaklassa í orðum?
Dæmi: ljón, klukka, veski, blóm, hlaupa.
2. Ber barnið /s/ hljóðið rétt fram?
3. Ber barnið /n/ hljóðið rétt fram?



ORÐAFORDI

Aldur 2 – 3 ár

1. Notar barnið algeng orð yfir hluti?
Dæmi: bolti, skó, húla.
2. Notar barnið algeng sagnorð?
Dæmi: moka, deita, sofa, taka.
3. Notar barnið fornafn þegar það talar um sjálf sig?
Dæmi: ég, mig, mitt, mín.

Aldur 3 – 4 ár

1. Notar barnið nafnorð í fleirtölu?
Dæmi: bíl-bílar, stelpa-stelpur.
2. Notar barnið spurnarorð?
Dæmi: Hvar, hver, hvað.
3. Notar barnið þátíð sagna?
Dæmi: borða - borðaði, keyra - keyrði.

Aldur 4 – 5 ár

1. Notar barnið lítaheiti með nafnorðum?
Dæmi: rauður bíll, gullt húsi.
2. Er barnið farið að nota yfirhugtök í töluðu máli?
Dæmi: (húsi)stór, (vör)stær, margir.
3. Notar barnið orð yfir form, stærð og fjölda?
Dæmi: hringur, stórt, lítið, tveir, margir.

SETNINGAMYNDUN

Aldur 2 – 3 ár

1. Notar barnið tveggja til þriggja orða setningar (yrðingar)?
Dæmi: Mamma koma. Íti í maga.
2. Er barnið farið að spyrja spurninga (með hljómfalli eða orðum)?
